

Ráðningarsamningur

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar, f.h. Seyðisfjarðarkaupstaðar kt. 560269-4559 og Aðalheiður Borgþórsdóttir kt. , 010758-6619, gera með sér eftirfarandi ráðningarsamning:

1. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar ræður Aðalheiði Borgþórsdóttur til að gegna starfi bæjarstjóra og hafnarstjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar kjörtímabilið 2018-2022. Hún hefur störf þann 1. október 2018 samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar frá 1. ágúst sama árs. Ráðningartíma lýkur án uppsagnar við lok kjörtímabils.

2. gr.

Bæjarstjóri fær greidd föst mánaðarlaun, 1.050.000 kr. Um er að ræða heildarlaun og ekki koma til sérstakar greiðslur vegna yfirvinnu eða setu í nefndum. Laun taka breytingum í samræmi við meðalbreytingu launatöflu í samningi Félags opinberra starfsmann á Austurlandi við Samband íslenskra sveitarfélaga.

3. gr.

Bæjarstjóri á fyllsta orlofs-, veikinda- og lífeyrisrétt og greiðir bæjarsjóður framlag í þann lífeyrissjóð sem bæjarstjóri kys að vera í.

4. gr.

Bæjarsjóður kaupir slysatryggingu fyrir bæjarstjóra skv. gildandi almennum skilmálum um atvinnuslysatryggingar launþega hjá Sambandi íslenskra tryggingarfélaga.

5. gr.

Samningur þessi ásamt viðaukum gildir til loka yfirstandandi kjörtímabils sveitarstjórnar ráðningartíma. Báðum aðilum er heimilt á samningatímanum að segja upp samningnum með að lágmarki þriggja mánaða fyrirvara.

6. gr.

Um annað er ráðningu og starfið varðar og ekki kemur fram í samningi og viðaukum fer eftir samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi.

F.h. Seyðisfjarðarkaupstaðar

15. ágúst 2018



forseti bæjarstjórnar



Aðalheiður Borgþórsdóttir

varaforseti bæjarstjórnar

Viðaukar með ráðningarsamningi

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar f.h. Seyðisfjarðarkaupstaðar kt. 560269-4559 og Aðalheiður Borgþórsdóttir kt. 010758-6619 gera með sér svofelldan viðauka við ráðningarsamning dags. 1.10.2018:

Viðauki 1.

Seyðisfjarðarkaupstaður greiðir farsímanotkun bæjarstjóra ásamt kr. 5.000,- vegna kostnaðar við nettengingu á heimili hans.

Viðauki 2.

Bæjarstjóri fær greiddan ferðakostnað samkvæmt reikningum eða dagpeninga vegna ferðalaga innanlands eða erlendis vegna starfsins. Um greiðslur vegna slíkra ferða skal farið eftir reglum um greiðslu ferðakostnaðar á vegum ríkisins nú nr. 1/2009 og fjárhæð dagpeninga skal miðast við ákvarðanir ferðakostnaðarnefndar ríkisins sbr. nú auglýsingu nr. 1/2014 og nr. 3/2013

Bæjarstjóri fær greitt fyrir akstur á eigin bifreið vegna starfsins. Bæjarstjóri metur sjálfur þörf á akstri vegna starfsins. Greitt er samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins gjald á ekinn kílómetra, nú sbr. auglýsingu nr. 3/2015.


Seyðisfjarðarkaupstaður greiðir útlagðan starfstengdan kostnað bæjarstjóra samkvæmt framlögðum gögnum. Forseti bæjarstjórnar staðfestir reikninga fyrir útlögðum kostnaði þar að lútandi.

F.h.

Seyðisfjarðarkaupstaður

15. ágúst 2018

forseti bæjarstjórnar



Aðalheiður Borgþórsdóttir

varaforseti bæjarstjórnar